

Fundargerð – 554. stjórnarfundur Kólku

Fundur í stjórn Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn Þriðjudaginn 9. Janúar 2024, kl. 16:30 í fundarsal Kólku

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Steinþór Þórðarson framkvæmdastjóri, Önundur Jónasson, Svavar Grétarsson og Páll Orri Pálsson varamaður.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Málefni er varða hamfarir í Grindavík og gjaldtöku frá sveitarfélaginu.
3. Flokkunarárgangur 23 - yfirlit
4. Skör ofar, helstu niðurstöður úr áfanga 2.
5. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundu. Framkvæmdastjórinn fór yfir öryggis- og starfsmannamál, brennslan 2023 var 11.500 tonn, brennslan í desember og það sem af er af árinu.

2. Málefni er varða hamfarir í Grindavík og gjaldtöku frá sveitarfélaginu

Framkvæmdastjórinn upplýsti að Terra hafi fellt niður reikninginn vegna Sorphirðu í Grindavík í nóvember. Áætlað er að reikningur fyrir desember verði lægri enda einungis ein losun þann mánuðinn. Framkvæmdastjórinn ætlar að vera í samskiptum við Terra með losanir á næstu vikum/mánuðum enda einhverjir Grindvíkingar fluttir til baka.

3. Flokkunarárgangur 23 - yfirlit.

Framkvæmdastjórinn fór yfir flokkunarárganga frá árinu 2023.

Stjórn ræddi að birta markmið Kólku í flokkun og útskýringar á hlutverki Úrvinnslusjóðar. Eftir 2 mánuði þegar nýr samningur hefur tekið við þá verði birtar fyrstu rauntölur af flokkun á árinu. Stjórn telur að með birtingu slíkra upplýsinga gæti falist hvatning til fólks til aukinnar flokkunar enda skilar aukin flokkun lægra gjaldi.

4. Skör ofar, helstu niðurstöður úr áfanga 2.

Framkvæmdastjórinn fór yfir skör ofar, m.a. helstu niðurstöður úr áfanga 2, helstu ályktanir og næstu skref.

5. Önnur mál

Athugasemdir hafa komið vegna tæmingu grenndarstöðva. Grenndarstöðvar voru tæmdar fyrir jól og óskað hafi verið eftir tæmingu milli jóla og nýárs sem þjónustuaðili gat ekki orðið við því.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:40.
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 13. febrúar 2024.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Páll Orri Pálsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson